

# STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 1997

10. nóvember 1997

1421

Nr. 628

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 10/1997 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1997 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1997.

Frá og með 1. nóvember 1997 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greiddar vegna ferða innanlands á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

#### 1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:		kr.		kr.
Fyrir	1 - 10.000 km	34,55	verði	35,15
"	10.001 - 20.000 km	30,95	verði	31,45
"	20.001 - >	27,30	verði	27,75

#### b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr.	verði	kr.		km
	5,30	verði	5,35	(sérst. gjald	1 - 10.000)
	16,30	verði	16,55	(torfærugjald	1 - 10.000)
	4,70	verði	4,80	(sérst. gjald	10.001 - 20.000)
	14,55	verði	14,80	(torfærugjald	10.001 - 20.000)
	4,15	verði	4,25	(sérst. gjald	20.001 - > )
	12,85	verði	13,05	(torfærugj.	20.001 - > )

#### 2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.2. í auglýsingunni:

	kr.	verði	kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring:	8.500	verði	7.500
Gisting í eina nótt:	5.000	verði	3.800
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag:	3.500	verði	3.700
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:	1.750	verði	1.850

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. nóvember 1997.

Reykjavík, 10. nóvember 1997.

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.